

53. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. október 2004 í Bjarkalundi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson, sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara sem gat ekki setið fundinn. Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna veikinda.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Lagt var af stað frá Búðardal kl. 09:00 í vettvangsferð fyrir strandir um Gilsfjörð og Reykhólasveit að Stað. Morgunverður á Grund í boði Þórólfs og Kristínar. Hressing í Innri-Fagradal í boði Sigurðar. Hádegisverður í Skriðulandi. Heimsókn í Dagverðarnes, Skarðsstöð, Ólafsdal, Þörungaverksmiðjuna og Stað. Kvöldverður í Bjarkalundi. Komið aftur til Búðardals um kl. 20:40.

Formaður setti fund kl. 18:10.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 52. fundar

Formaður las upp fundargerð 52. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Lagður var fram samningur milli Breiðafjarðarnefndar, Örnefnastofnunar Íslands og Loftmynda ehf. vegna skráninga á örnefnum við Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Friðjón undirritaði samninginn fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að endurútgáfa verndaráætlunar kosti um 1300 þús. kr. með prentun.

Afgreiðsla: Afgreiðslu var frestað til næsta fundar vegna fjarveru Guðríðar.

Samstarf við Sverri Jakobsson um skráningu á sögu Breiðafjarðar

Friðjón mun á næstunni ræða við bankastjóra KB-banka um hugsanlegt samstarf við bankann um fjármögnun verksins.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta ákvörðun um hvort Breiðafjarðarnefnd styrki Sverri til verksins þar til afstaða KB-banka liggur fyrir .

Útsent erindi Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Lögð voru fram svarbréf Helgafellssveitar, dags. 4. okt. og Stykkishólmsbæjar, dags. 13. október 2004. Helgafellsmenn virðast hafa misskilið erindi Breiðafjarðarnefndar og/eða skipulags- og byggingarlögin.

Afgreiðsla: Unnið verður áfram í málinu og talað nánar við oddvita Helgafellssveitar.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Skv. upplýsingum frá Ævari Petersen er vinna við skýrsluna á lokastigi.

Önnur mál

Friðjón náði ekki í nýjan umhverfisráðherra fyrir fundinn, en fær viðtal hjá henni fljótlega.

Fjármál

Ef endurskoðun verndaráætlunar getur hafist á þessu ári er nauðsynlegt að verja fjármagni í það verkefni af fjárveitingum þessa árs. Að öðrum kosti verður óráðstöfuðu fjármagni varið með hliðsjón af fyrri ákvörðunum nefndarinnar um forgangsröðun verkefna, með sérstakri ákvörðun á næsta fundi.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Í vettvangsferðinni í dag var vegstæði út Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar um Grónes og þaðan yfir mynni Gufufjarðar upp á Melanes skoðað frá Hákarlaströnd á Reykjanesi.

Fundi slitið kl. 19:05.

Næsti fundur verður haldinn um miðjan nóvember. Friðjón kemur með tillögu um tímasetningu í samráði við ritara.